

GJALDSKRÁ

Geislavarna ríkisins.

1. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald vegna lögbundins eftirlits með geislataekjum og geisla-virkum efnum í samræmi við 5. og 17. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir. Gjaldið skal vera sem hér segir:

	kr.
1. <i>Röntgentæki:</i>	
a) Föst röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – myndataka fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	44.225 14.780
b) Föst röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – skygging fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	55.193 18.478
c) Tölvusneiðmyndataeki fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	73.671 44.225
d) Færanleg röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – myndataka fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	36.841 11.083
e) Færanleg röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – skygging fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	44.225 14.780
f) Tannröntgentæki fyrir hvert tæki til viðbótar	22.049 9.176
g) Iðnaðarröntgentæki fyrir hvert tæki til viðbótar	36.864 18.478
h) Dýralækningaröntgentæki fyrir hvert tæki til viðbótar	36.864 11.083
i) Öryggisröntgentæki fyrir hvert eins tæki til viðbótar: 4 eða færri á sama stað fyrir hvert tæki umfram 5 á sama stað	25.749 11.083 7.395
j) Röntgentæki til efnarannsóknna og gæðaeftirlits í iðnaði fyrir hvert tæki til viðbótar	22.049 7.395
2. <i>Geislalækningatæki</i> fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	51.622 14.780
3. <i>Geislavirk efni, opnar geislalindir:</i>	
Rannsóknastofa í flokki A	58.890
Rannsóknastofa í flokki B	43.231
Rannsóknastofa í flokki C	28.784
4. <i>Geislavirk efni, lokaðar geislalindir:</i>	
Nifteindalindir fyrir hverja nifteindalind til viðbótar hjá sama aðila	36.829 14.448
aðrar lokaðar geislalindir fyrir hverja eins lind til viðbótar: 4 eða færri til viðbótar á sama stað	28.784 9.176
fyrir hverja lind umfram 5 á sama stað	7.395
5. <i>Eftirlit með geislaálagi starfsfólks:</i>	
Filmumælingar, fyrir hverja filmu	666

2. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald vegna mats á umsóknum um leyfi í samræmi við 7., 9. og 20. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir. Gjaldið skal vera sem hér segir:

1. <i>Vegna röntgentækja til sjúkdómsgreiningar:</i>	kr.
a. Leyfi vegna nýrra tækja	9.176
b. Leyfi vegna breytinga á eldri búnaði	7.395

2.	<i>Vegna iðnaðar-, öryggis- og efnarannsóknatækja:</i> Leyfi vegna nýrra tækja og breytinga	kr. 7.395
3.	<i>Vegna lokaðra geislalinda:</i>	
a.	Nifteindalindir	11.083
b.	Aðrar geislalindir	9.176
4.	<i>Vegna opinna geislalinda:</i>	
a.	Ný starfsemi	
i.	Flokkur A	14.780
ii.	Flokkur B	11.083
iii.	Flokkur C	7.395
b.	Árleg endurnýjun	
i.	Flokkur A	7.993
ii.	Flokkur B	7.395
iii.	Flokkur C	5.478

3. gr.

Geislavarnir ríkisins annast innheimtu leyfis- og eftirlitsgjalda. Leyfis- og eftirlitsgjöld falla í gjalddaga við útgáfu reiknings með eindaga 30 dögum síðar.

4. gr.

Eigandi eða ábyrgðarmaður getur óskað eftir aukaeftirliti og skal þá greiða fyrir það sem um reglubundið eftirlit væri að ræða. Þurfi Geislavarnir ríkisins að endurtaka eftirlit vegna athugasemda sem gerðar voru við reglubundið eftirlit skal greiða fyrir það sem um reglubundið eftirlit væri að ræða.

5. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald sem nemur 8.184 kr./klst. fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða hún tekur að sér samkvæmt lögum og reglugerðum.

6. gr.

Eftirlits- og leyfisgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í 2 ár eftir gjalddaga.

7. gr.

Fyrir hverja mælingu á geislavirkni eða rafsegulssviði skal stofnunin innheimta gjald, að upphæð kr. 20.460. Fyrir hverja yfirlýsingu um geislavirkni sem stofnunin lætur í té, skal innheimta kr. 3.101.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 19. gr. laga nr. 44/2002 um Geislavarnir ríkisins, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá Geislavarna ríkisins nr. 257/2010.

Velferðarráðuneytinu, 24. maí 2011.

Guðbjartur Hannesson.

Vilborg Ingólfssdóttir.